

# Íþróttafélagið Völsungur

Stofnað 1927



Ársskýrsla 2025

## **Aðalstjórn Völsungs 2025**

Formaður: Bergur Jónmundsson  
Gjaldkeri: Bylgja Steingrímsdóttir  
Meðstjórnendur: Gunnólfur Sveinsson  
Ingvar Björn Guðlaugsson  
Arney Kjartansdóttir

Varamaður: Jóna Björg Pálmadóttir  
Kristín Kjartansdóttir

Framkvæmdastjóri: Jónas Halldór Friðriksson  
Framkvæmdarstjóri frá 1 apríl 2026 : Sigurður Valdimar Olgeirsson

## **Virkar deildir innan Völsungs**

1. Blak
2. Boccia
3. Fimleikar
4. Frjálsíþróttadeild
5. Bardagaíþróttadeild
  - a. JuiJitzu
  - b. Taekwondo
6. Knattspyrnudeild
7. Skíðagöngudeild
8. Sunddeild
9. Almenningsíþróttadeild
  - a. Íþróttaskólinn
  - b. Hlaupahópurinn Skokki
  - c. Hjólahópur
  - d. Siglingadeild
  - e. Píludeild

## Dagskrá aðalfundar

1. Formaður setur fundinn
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
  - umræður
4. Ársreikningar lagðir fram
  - umræður + samþykktir
5. Lagabreytingar
6. Árgjöld
7. Kosið í stjórn + endurskoðendur reikninga
8. Starfsnefndir
9. Önnur mál


## Iðkendafjöldi

Iðkendur innan raða Völsungs árið 2025 voru 699 og iðkanir 1.222. Félagsmenn voru 1.524 og félagsgjöld voru send út á 967 félagsmenn sem voru 18 ára og eldri.


Þegar tölfæði sem unnin er úr skilakerfi ÍSÍ er skoðuð og póstnúmerið 640 sérstaklega skoðað að þá eru iðkendur innan þess 1044 og iðkanir 1.867. Völsungur er því með 67% iðkanda og 66% iðkana innan sinna raða.

Þegar fjölmennustu greinarnar innan póstnúmersins 640 eru skoðaðar að þá er Völsungur með þrjár fjölmennustu greinarnar innan sinna raða, þ.e Knattspyrna, Almenningsíþróttir og Blak. Völsungur er með sjö af tíu fjölmennustu greinunum innan póstnúmersins 640.


Skiptingu iðkenda má sjá hér að neðan:



Mynd 1 - Iðkandatölur eftir greinum um áramótin 2025-2026



Mynd 2 - Iðkenda tölur eftir deildum um áramótin 2025-2026



Mynd 3 – kynjaskipting iðkenda eftir deildum um áramótin 2025-2026

<b>Fjöldi starfsmanna á árinu 2025</b>			
<b>Deild</b>	<b>KK</b>	<b>KVK</b>	<b>samtals</b>
Aðalstjórn	4	2	6
Blak	7	11	18
Knattspyrna	16	10	26
Fimleikar	0	6	6
Sund	0	2	2
Íþróttakóli	1	1	2
Bardagaiþróttir	1	0	1
<b>samtals</b>	<b>29</b>	<b>32</b>	<b>61</b>
<b>hlutfall</b>	<b>47,5%</b>	<b>52,5%</b>	<b>100,0%</b>

Mynd 4 – Í töflunni að ofan má sjá fjölda starfsmanna skipt niður á deildir og kyn á árinu 2025

<b>Kynjahlutfall í starfi félagsins</b>			
	<b>KK</b>	<b>KVK</b>	<b>samtals</b>
<b>Þjálfarar + starfsfólk</b>	<b>29</b>	<b>32</b>	<b>61</b>
Aðalstjórn	3	4	7
Knattspyrnustjórn	6	3	9
Blakstjórn	3	3	6
Fimleikastjórn	1	2	3
Skíðagöngudeild	4	0	4
Bocciadeild	1	2	3
Siglingadeild	0	1	1
Bardagaiþróttadeild	2	0	2
Almenningsíþróttir	7	1	8
<b>samtals</b>	<b>56</b>	<b>48</b>	<b>104</b>
<b>hlutfall</b>	<b>53,8%</b>	<b>46,2%</b>	<b>100,0%</b>

Mynd 5 – Í töflunni að ofan má sjá kynjaskiptingu í starfi félagsins, stjórnir og starfsfólk, á árinu 2025

# SKÝRSLA VÖLSUNGS FYRIR ÁRIÐ 2025

## ADALSTJÓRN VÖLSUNGS:

Starfsemi félagsins hefur haldið áfram að vaxa á árinu 2025. Völsungur er ríkur af einstaklingum sem brenna fyrir félagið og er óeigingjarnt á tíma sinn og vinnu í kringum sjálfbóðaliðastörf. Það eru einmitt ekki síst fyrir hlut þessara einstaklinga sem gerir það að verkum að starfið hefur vaxið og dafnað og er eins öflugt og raun ber vitni. Við erum stolt af öllu því frábæra fólki sem tekur að sér störf innan félagsins og vinnur af hugsjón félaginu til framdráttar. Það er gaman að tilheyra Völsungsfjölskyldunni og þar er líka alltaf pláss fyrir fleiri.

Samþættingarverkefni Völsungs, Norðurþings, Grænuvalla og Borgarhólsskóla hélt göngu sinni áfram á árinu. Mikil ánægja hefur verið með verkefnið sem nær til elstu tveggja árganga í leikskóla og yngstu tveggja árganga í grunnskóla. Öll börn á þessu aldursskeiði fara á skipulagðar íþróttæfingar í leikskóla- og frístundastarfi sínu.

Á undanförunum árum hefur greinum sem eru í boði innan félagsins fjölgað og nú síðast bættust við handboltanámskeið og frjálsar íþróttir. Fjölbreytileikinn er því mikill og í dag eru stundaðar eftirfarandi greinar innan félagsins; knattspyrna, blak, fimleikar, handbolti, frjálsar íþróttir, hjól, skíðaganga, pílukast, bardagaiþróttir, sund, íþróttaskóli, boccia, siglingar og gönguhópur. Árangur getur verið mældur á marga vegu og má með sanni segja að Völsungar séu að ná árangri bæði innan sem utan vallar. Sigrarnir hafa verið margir innan vallar en ekki síst má telja til árangurs hversu mikill fjölbreytileikinn er í starfinu. Skipulagt íþróttastarf er einn af lykilþáttum í forvörnum og eru það því forréttindi að eiga fjölgreina íþróttafélag eins og Völsung.

Völsungur rekur öflugt afreksstarf bæði í blaki og knattspynu. Við getum farið og fylgst með liðunum okkar alla mánuði ársins. Liðin okkar hafa staðið sig vel, hafa verið félaginu til mikils sóma svo eftir því hefur verið tekið utan Húsavíkur. Iðkendur úr okkar röðum hafa verið reglulegir þátttakendur í landsliðum Íslands, bæði í blaki og knattspyrnu. Hægt er að mæta á leiki hjá félaginu í öllum mánuðum ársins og megum við svo sannarlega vera stolt af liðunum okkar.

Völsungur og Norðurþing skrifuðu undir nýjan samstarfs- og þjónustusamning til þriggja ára. Samningurinn er gríðarlega mikilvægur fyrir starfsemi félagsins og tryggir að félagið geti haldið áfram að blómstra í samfélaginu okkar. Í nýjum samning er samþættingarverkefnið meðal annars tryggt til framtíðar.

Sögunefndin starfaði áfram á árinu en hún vinnur að ritun á 100 ára sögu félagsins. Verkefninu var áfangaskipt og var ákveðið að hafa söguna á rafrænu formi. Nú þegar hafa fyrstu tveir áfangarnir verið birtir á heimasíðu félagsins. Hvetjum við alla Völsunga til að fara inná heimasíðu félagsins og skoða sögu félagsins.

Á árinu fór Norðurþing í viðhaldsframkvæmdir á gervigrasinu. Skipt var um gervigras og reist stúka fyrir áhorfendur. Gríðarlega ánægjuleg framkvæmd fyrir bæði iðkendur og áhorfendur. Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2026, var samþykkt að að halda áfram með viðhaldsverkefni á íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins. Því miður þurfti að fresta framkvæmdum í höllinni en við trúum því að farið verði í þær framkvæmdir á árinu 2027..

Það er sönn ánægja að segja frá því að knattspyrnuvellirnir og íþróttahöllin fengu nýtt nafn frá og með 1. janúar 2026. GPG hefur skrifaði undir styrktarsamning við félagið og þökkum við þeim kærlega fyrir velvilja í garð félagsins. Knattspyrnuvellirnir munu því bera nafnið GPG völluminn og íþróttahöllin mun bera nafnið GPG höllin.

Starfsemi félagsins byggir á félagsmönnum sjálfum, sjálfbóðaliðunum sem leggja sitt af mörkum við að móta félagið og fyrirtækjum sem styrkja starfsemi félagsins. Við erum svo heppin að við erum rík af þessum aðilum á Húsavík. Þessum aðilum vil ég þakka fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

## Íþróttafólk Völsungs fyrir árið 2025

Íþróttafólk Völsungs var haldið 23. mars 2026 í vallahúsinu. Íþróttafólk Völsungs var fyrst haldið 2015 og er þetta því í ellefta skipti sem íþróttakarlar og íþróttakona Völsungs eru heiðruð með þessum hætti.

Að þessu sinni bárust tilnefningar frá þrem deildum innan félagsins og í heildina voru því 6 aðilar í kjöri til íþróttafólks Völsungs. Að auki tilnefndu tvær deildir fjóra aðila til hvatningarverðlauna. Hvatningarverðlaun eru veitt þeim aðilum 15 ára og yngri sem hafa staðið sig vel í starfi félagsins á einn eða annan hátt, hvort heldur sem inni á vellinum, á æfingum eða í almennu starfi félagsins.

Hvatningarverðlaun Völsungs að þessu sinni hlutu:

- Freyr Völundur Björnsson - blak
- Guðný Helga Geirsdóttir – knattspyrna
- Hallgrímur Fannar Hallsson – knattspyrna
- Inga Bergdís Aðalsteinsdóttir – blak

Í kjöri til íþróttafólks Völsungs voru eftirtaldir aðilar:

- Einar Baldvinsson – bocciamaður Völsungs 2025
- Halla Bríet Kristjánsdóttir – knattspyrnukona Völsungs 2025
- Jakob Héðinn Róbertsson – knattspyrnumaður Völsungs 2025
- Sigrún Marta Jónsdóttir – blakkona Völsungs 2025
- Valdís Birna Daníelsdóttir – bocciakona Völsungs 2025
- Þórarinn Örn Jónsson – blakmaður Völsungs 2025



Að þessu sinni voru Þórarinn Örn Jónsson og Sigrún Marta Jónsdóttir íþróttakarlar og íþróttakona Völsungs fyrir árið 2025.

Mynd 6 – t.v Þórarinn Örn Jónsson íþróttakarlar Völsungs 2025 og t.h Sigrún Marta Jónsdóttir 2025

## ALMENNINGSÍPRÓTTAÐEILD:

Undir almenningsíþróttadeild eru nokkrir hópar með virka starfsemi. Um þessar mundir er íþróttaskóli, hjólahópur, hlaupahópur, píludeild og göngu hópur eldri borgara. Hér að neðan verður farið yfir starfsemi hópanna:

### Íþróttaskóli:

Íþróttaskólinn hefur fyrir löngu fest sig í sessi og verið órjúfanlegur partur af laugardags dagskrá fjölskyldna á Húsavík og nágrenni. Íþróttaskóli Völsungs var vel sóttur árið 2025 líkt og undanfarin ár. Skráðir iðkendur hafa voru um 60-70 talsins að jafnaði og vel sótt í tímuna. Iðkendur eru allir á leikskólaaldri og mæta í fylgd með foreldrum sínum. Þessar samverustundir í höllinni eru fyrstu kynni barnanna af skipulögðu íþróttastarfi innan Völsungs og mikilvæg kynning helstu íþróttagreina sem og þjálfun í grunnhreyfifærni. Fyrir yngri börn, sem ekki hafa náð aldri fyrir tímuna í stóra salnum hefur staðið til boða að nota speglasalinn í íþróttahöllinni, þar sem þau geta fengið að leika sér með allskyns dót. Mæting og samstarf við foreldra hefur verið algjörlega til fyrirmyndar og gaman að sjá framfarir barnanna í hreyfifærni og þroska.

### Hlaupahópurinn Skokki:

Hlaupasportið lifir góðu lífi á Húsavík. Hægt en bitandi virðist þeim hafa fjölgað sem kjósa hlaupasportið sem sína meginhreyfingu og er það vel enda útiveran frábær fyrir líkama og sál. Á árinu sem leið mátti sjá húsvíska hlaupara taka þátt í hlaupum erlendis sem og heima fyrir. Þrátt fyrir þetta er ekki mikil hópamyndun í hlaupunum eins og tíðkast víða annarsstaðar á landinu. Virkum hlaupurum í Hlaupahópnum Skokka hefur fækkað mikið undanfarin ár og enginn formlegur hópur



hefur verið stofnaður af öðrum aðilum. Þó er boðið upp á hlaupaæfingar hjá Smiðjunni sem hafa verið ágætlega sóttar.

Eitt keppnishlaup var haldið á Húsavík á árinu en það var hið sígilda Botnsvatnshlaup Landsbankans sem fram fór á föstudegi Mærudaga í nær fullkomnum veðuráðstæðum. Frábær þátttaka var en 82 hlauparar spreyttu sig af vegalengdunum tveimur. Sérlega ánægjulegt hvað að sjá hvað mörg mættu af ungu kynslóðinni. Hlaupið endaði að vanda í Skrudgarðinum við Kvíabekk og þar voru einnig veitt verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í 8,3 km hlaupinu.

Það voru Hlaupahópurinn Skokki og Smiðjan sem stóðu saman að keppnishaldinu. Eftir mótið var ákveðið að leita að nýjum framkvæmdaaðilum fyrir hlaupið enda hafa sömu aðilarnir séð um hlaupið í langan tíma. Samningar náðust við Barna- og unglingaráð Völsungs um að taka hlaupið að sér og var mikil ánægja með það hjá öllum hlutaðeigandi.

Það er vonandi að eitthvað gott félagsstarf skapist í kringum almenningshlaup á Húsavík á næstu árum. Eftirspurnin virðist vera til staðar og möguleikarnir á útfærslu eru margir. Fámennið er vissulega alltaf ákveðin ógn í að viðhalda kröftugu starfi í einstaklingsíþróttum en stöðugur 10-15 aðila hópur gæti gert ótrúlega hluti. Það er fjöldi sem ætti að vera fullkomnlega raunhæft að ná í bæjarfélagi eins og Húsavík og vonandi verður það að veruleika á næstu árum.

## Hjóladeild:

Fyrst má nefna þetta árlega, það er viðhald á þeim stígum og svæðum sem er búið að byggja upp. Farið var yfir brautina og talsverður hluti hennar plægður upp og lagaður en talsvert slit var komið á marga kafla eftir mikla notkun síðustu ára. Eins var brautin öll slegin og snyrt ásamt því að trjágróður var klipptur.



Stallasvæðið fékk samskonar viðhald ásamt því að komið var fyrir geymslugám á svæðinu sem er ætlaður til að geyma verkfæri og annað sem tilheyrir félaginu. Á þessu ári fengum við afnot af rudda sláttuvél í samstarfi við Trésmiðjuna Rein og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir, þetta tæki stýttir talsvert þann tíma sem fer í að slá svæðin og leyfir okkur því að fara mun oftar í svona viðhaldsvinnu. Á þessu ári fengust leyfi til að fara í framkvæmdir á tveimur nýjum stígum. Í fyrsta lagi er það almennur útvistarstígur sem tengir Reykjaheiðarveg við Botnsvatn og var þessi leið merkt og unnin í samstarfi við utanvega hlaupara hér á svæðinu. Hin framkvæmdin er svo annar almennur útvistarstígur sem liggur frá bílastæðinu við meyjarskarð, yfir krubbsskálar og kemur inn á gamlan slóða austan við Húsavíkurfjall. Þetta er frábær leið sem var löngu komin þörf á að fá því þetta tengir saman þessi svæði og eykur möguleika á leiðavali mjög mikið. Þetta

verkefni var unnið í samstarfi við Höfðavélar og fengum við styrk frá Orkuveitu Húsavíkur fyrir hluta af útlögðum kostnaði, þökkum báðum aðilum fyrir að koma að þessu með okkur.

Ekkert af þessu myndi heldur gerast nema fyrir góðan skilning og velvilja sveitarfélagsins Norðurþings sem hefur alla tíð tekið jákvætt í okkar erindi og aðstoðað okkur við leyfismál og annað. Loka hnykkur sumarsins var svo hjólreiðakeppnin The Rift MTB, stór 5 daga alþjóðleg fjallahjólakeppni og svæðið okkar var valið fyrir einn af þessum keppnisdögum. Hjólafélagið aðstoðaði mótshaldara við merkingar, matarstöðvar og aðra framkvæmd. Tókst þessi vinna frábærlega og keppnin öll var mjög vel heppnuð. Stefnt er að því að þetta samstarf haldi áfram á næsta ári og þá á enn stærri skala.

Að lokum viljum við þakka þeim aðilum sem styrkja okkur með greiðslu félagsgjalda, þetta er stór partur í að halda þessari vinnu áfram í að byggja upp okkar frábæra útvistarsvæði.

## Píluðeild:

Píluðeild Völsungs opnaði aðstöðu sína í norðurenda sundlaugarkjallarans í lok árs 2024. Árið 2025 var því fyrsta heila starfsár deildarinnar. Mikill áhugi hefur verið á pílukastinu á árinu og skráðu sig rúmlega 100 manns í deildina á þessu fyrsta starfsári deildarinnar.



Fastar opnanir hafa verið á þriðjudögum klukkan 10-12:00 og svo frá 19-22:00, á miðvikudögum hefur verið kvennakast á milli 19-21:00 og á fimmtudögum klukkan 10-12:00 og svo frá 19-22:00. Að auki hafa verið óreglulegar opnanir aðra daga sem eru auglýstar sérstaklega inná fésbókarsíðu Píluðeildar Völsungs. Það eru allir verlkomnir að koma og prófa og eru félagsmenn alltaf tilbúnir að taka á mót

nýju áhugasömum aðilum og leiðbeina þeim í aðstöðunni okkar. Hópatímar hafa verið gríðarlega vinsælir og höfum við tekið á mót mörögum fyrirtækjahópum sem hafa gert sér glaðan dag í aðstöðunni okkar. Píluðeildin hefur haldið reglulega mót á árinu og er að meðaltali eitt mót í mánuði. Stærstu mótin á árinu voru páskamótið, mærudagsmótið, meistaramótið í 501 og deildarkeppnin. Brynjúlfur Sigurðsson var fyrsti deildarmeistarinn innan raða píluðeildarinnar og Sævar Örn Guðmundsson fyrsti meistari í 501. Deildin hefur reglulega átt keppendur í Floridanadeildinni sem er keppt í á landsvísi og svo fóru 10 iðkendur á SjallyPally sem er eitt stærsta einstaka pílumót landsins.

Píluíþróttin er komin til að vera og hvetjum við alla til að gerast vinur deildarinnar á fésbókarsíðunni Píluðeild Völsungs.

## FIMLEIKAR:



Fimleikarnir hafa haldið starfsemi sinni áfram þrátt fyrir skort á þjálfurum og þá helst foreldrum í stjórn deildarinnar. Það að hafa foreldra í stjórn styrkir og eflir deildina og reynist vel til að opna fyrir möguleika á skipulagi á frekari viðburðum og ferðum sem hjálpa iðkendum að blómstra í íþróttinni.

Á bilinu 20 - 30 iðkendur hafa verið að æfa í ár í tveimur hópum og við horfum bjartsýn fram á við og vonumst til að geta haldið þessari skemmtilegu íþrótt áfram

næstu árin og styrkt deildina en betur með því að opna t.d. á frekari möguleika til þess að fara í æfingaferðir í betri fimleika húsnæði og fleira skemmtilegt.

Starfið í vetur hefur annars einkennst mikið af áhaldafimleikum og erum við mikið að nota öll þau áhöld sem við eigum í ýmsum útfærslum. Þetta hefur reynst mjög vel og hafa iðkendur sýnt mikinn kjark og hugrekki við að prófa nýja hluti sem eflir sjálfstraust, þroska og getu í fimleikum.

Vorsýningin okkar fór síðan fram í júní, eins og undanfarin ár, og sýndu iðkendur þar listir sínar á ýmsum áhöldum og gekk það vonum framar.

### **BLAK:**

Blakdeild Völsungs heldur úti blakæfingum fyrir stóran hóp iðkenda frá grunnskólaaldri og uppúr. Starfræktir eru meistaraflokkar karla og kvenna, öldungaflokkar fyrir fullorðna og yngri flokkar.

Þjálfarar á yfirstandandi tímabili eru Þórarinn Örn Jónsson sem er spilandi þjálfari mfl karla og Taylor Horsfall sem er spilandi þjálfari mfl. kvenna. Þau sinna einnig þjálfun yngri flokka. Á síðastliðnu tímabili sá Kaposi Tamas um þjálfun beggja meistaraflokkanna. Aðrir þjálfarar sem komu að þjálfun á síðasta tímabili voru Hreinn Kári, Heiðdís Edda, Arney Kjartansdóttir og Ornela Melchiorri.

Nú í haust hafa eftirtaldir þjálfarar sinnt yngri flokkum og almenningsblaki, Taylor Horsfall, Þórarinn Örn Jónsson, Claire Isaksen, Arney Kjartansdóttir og Anna Karen Jónsdóttir.

### **Meistaraflokkar**

Á síðastliðnu keppnistímabili áttu Völsungar bæði karla og kvennalið í efstu deild, Unbroken-deildinni. Kvennaliðið endaði í 2. sæti í deildinni og komst í úrslit þar sem liðið spilaði um Íslandsmeistaratitilinn við lið KA þar sem KA hafði betur. Glæsilegur árangur hjá þeim og dýrmæt reynsla fyrir unga leikmenn liðsins. Karlaliðið endaði í 7. sæti deildarinnar, þeir stóðu sig vel og öðluðust heilmikla reynslu. Bæði lið féllu úr leik í 8-liða úrslitum Kjörís-bikarsins.



Völsungur átti fjóra fulltrúa í liði ársins í Unbrokendeild kvenna í blaki.

Það voru þær Kristine Teivane (kantur), Tamara Beerová (miðja) og Inga Björg Brynjúlfsdóttir sem var valin efnilegasti leikmaðurinn. Þá var Tamas Kaposi valinn þjálfari ársins.

Töluverðar breytingar urðu á leikmannahópi beggja liða á milli tímabila. Erlendu leikmennirnir fóru allir nema Tamara Beerova, hún spilar enn í grænu. Nýjir erlendir leikmenn komu til okkar í haust, þær bandarísku Taylor Horsfall og Claire Isaksen í kvennaliðið og í karlaliðið komu þeir Jorge Sanz og Juanma Blanquer frá



Spáni. Þórarinn Örn sem spilaði með karlaliðinu á síðastliðnu tímabili tók við þjálfarakeflinu hjá meistaraflokki karla af Tamas og Taylor tók við þjálfun kvennaliðsins. Íslenskir leikmenn sem skiptu um lið voru Sigrún Marta Jónsdóttir sem spilar nú með HK, Kristey Marín Hallsdóttir sem spilar með KA og Hreinn Kári Erluson fór til Middelfart í Danmörku. Draupnir Jarl Kristjánsson spilar í 2. deild með liði Rima en kom á láni til Völsungs í fáeina leiki nú í haust. Þess ber að geta að í upphafi tímabils var kvennaliðið ekki komið með uppspilara og hljóp gamla kempan Jóna Björk Gunnarsdóttir í skarðið og spilaði nokkra leiki

með liðinu. Jóna Björk hækkaði meðalaldur liðsins talsvert en hún gæti verið móðir flestra leikmannanna, það var þó ekki að sjá á spilamennsku hennar og fær hún þakkir fyrir sitt framlag.

Stelpurnar fóru nokkuð vel af stað í deildinni nú í haust en það hefur verið á brattann að sækja hjá strákunum sem hafa þó sýnt að það býr heilmikið í liðinu.

## U20

Ekki var haldið úti U20 liðum í Íslandsmóti á þessu keppnistímabili en farið var með U20 kvennalið á bikarmót í Mosfellsbæ nú í nóvember. Liðið var ungt og að stórum hluta skipað leikmönnum úr U16. Stelpurnar enduðu í 2. sæti í B-úrslitum og komu heim reynslunni ríkari.

Á síðasta tímabili tóku U20 liðin okkar þátt í Íslandsmóti þar sem strákarnir léku í 2. deild karla og enduðu í 3. sæti.

Stelpurnar tóku þátt í 3. deild kvenna.

Á síðustu leiktíð hampaði U20 karla bikarmeistaratitlinum

## Landsliðsverkefni

Íslensku A-landsliðin í blaki tóku þátt í Evrópukeppni landsliða – SilverLeague 2025. Þar áttu Völsungar sína fulltrúa þar sem Hreinn Kári tók þátt í verkefninu að fullu og Sigurður Helgi og Þórarinn Örn tóku þátt í verkefninu að hluta. Að auki tóku Hreinn Kári og Þórarinn Örn þátt í Smáþjóðaleikunum sem haldnir voru í Andorra.

Sigrún Marta tók þátt í SilverLeague með kvennaliðinu og Inga Björg fór með kvennaliðinu til Írlands þar sem liðið tók þátt í SCA mótinu sem er Evrópumót smáþjóða. Liðið á SCA mótinu var einungis skipað ungum leikmönnum og voru sumir þeirra að stíga sín fyrstu landsliðsskref. Í lok móts var Inga Björg valin í lið mótsins.

## U17 landslið

Í haust hafa Inga Björg og Hjörvar Þór æft með U17 landsliðunum sem undirbúa sig fyrir Evrópumót smáþjóða, SCA, í Írlandi. Þau munu ferðast til Írlands nú í janúar þar sem þau taka þátt í SCA mótinu.

## **U19 landslið**

Nevza U19 fór fram í Færeyjum í október síðastliðnum. Þar spiluðu þeir Aron Bjarki og Jón Andri með karlaliðinu og fór Aron með hlutverk fyrirliða liðsins á mótinu. Ísland endaði í 3. sæti á mótinu.

Inga Björg spilaði með kvennaliðinu á mótinu og enduðu þær einnig í 3. sæti.

Það er sannarlega björt framtíð í blakinu hjá Völsungi og verður gaman að fylgjast með þessum flottu krökkum halda áfram að bæta sig í náinni framtíð.

## **Yngri flokkar**

Starfið var öflugt eins og síðustu ár. Haldin voru héraðsmót á norðurlandi ásamt því að félagið sendi lið til þátttöku í Bikarmóti BLÍ á Akureyri í febrúar og Íslandsmóti að vori. U16 lið kvenna komst í úrslitaleik í bikarmótinu þar sem þær spiluðu gegn KA á stóru bikarhelginni í Digranesi í mars. Þær stóðu sig frábærlega í leiknum sem tapaðist naumlega og fóru þær heim með silfrið.

Lið U14 kvenna sýndi flotta takta og endaði í 4. sæti bæði á Íslandsmótinu sem og í Bikarkeppninni.

Í haust tóku svo nokkrir iðkendur þátt í afreksbúðum BLÍ bæði í Mosfellsbæ sem og á Akureyri og stóðu sig mjög vel.

Í nóvember sl. tóku 3 lið þátt í Íslandsmóti í Kópavogi í U12 og U16 og stóðu sig með þryði. Einnig fóru U14 og U20 á Bikarmót yngri flokka í lok nóvember í Mosfellsbæ.

## **Almenningsblak**

Ágætur gangur hefur verið í kvennablakinu hjá félaginu í vetur eins og síðasta vetur og einnig hefur fjölgað mikið hjá körlunum sem er frábært.

Völsungur hélt sitt árlega Nýársmót í byrjun janúar sem tókst mjög vel. Einnig spilaði 3. deild kvk í Íslandsmóti á Húsavík nú í október.

Liðin okkar hafa verið dugleg að taka þátt í mótum og ber þar helst að nefna öldungamótið. Áttum við nokkur lið á Öldungamótinu sem haldið var í Kópavogi í maí.

Völsungur hélt Mærumót í strandblaki í júlí þar sem góð þátttaka var og vakti það mikla ánægju þar sem bæði leikmenn og áhorfendur skemmtu sér vel.

Eins og sjá má á þessari samantekt þá er starf deildarinnar í miklum blóma og nóg um að vera á öllum vígstöðum. Stuðningur fyrirtækja og einstaklinga hefur verið góður og þökkum við kærlega fyrir samstarfið og aðstoðina sem okkur hefur verið veitt.

Starfið heldur áfram og framundan eru ýmis mót og leikir og treystum við á að Húsvíkingar og nærsveitarfólk standi áfram við bakið á blakdeildinni og haldi áfram að mæta á heimaleiki, hvetji og styðji okkar fólk. Enginn heimavöllur á Íslandi er betri en sá Húsvíski, staðfest.

## BOCCIA:



Í janúar var keppt í tvíliðaleik á Norðurlandsmóttinu á Akureyri. Í lok febrúar var keppt í liðakeppni á Íslandsmót ÍF í Keflavík. Lindi, kiddi og Ási lentu í 3. sæti í sinni deild. Í byrjun maí var keppt í einliðaleik og liðakeppni á Hængsmóttinu á Akureyri. Aron, Ási og Lindi lentu í 2. sæti í sinni deild.

Í mars var okkar árlega Húsavíkurmóti sem gekk mjög vel. Góð þátttaka var í móttinu þar sem fyrirtæki og eldri borgarar hér í bæ etja kappi saman og hafa gaman. Þetta mót er okkar helsta fjáröflun og þökkum við keppendum og fyrirtækjum hér í bæ sem gefa vinninga, fyrir stuðninginn. Í ár unnu Húsavíkurmótið þeir félagarnir Kristbjörn Óskarsson og Jón Höskuldsson. Í öðru sæti voru Jón Ingi Sveinbjörnsson og Jón Óskar Ágústsson, í þriðja sæti voru Ísak Aðalsteinsson og Davíð Gunnarsson og í fjórða sæti voru Aron Fannar Skarphéðinsson og Hildur Sigurgeirsdóttir. Hvatningabíkar Íþróttafélags fatlaðra hlaut Sindri Gauksson: Kíwanísklúbburinn Skjálfaði hefur séð um uppsetningu valla og dómgæslu á þessu móti og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Í lok október var keppt í einstaklingskeppni á Íslandsmóti á Akureyri. Einar Baldvins. lenti í 2. sæti í sinni deild.

## KNATTSPYRNA:

### MEISTARAFLOKKAR:

Knattspyrnuárið 2025 var afar viðburðarríkt hjá meistaraflokkum Völsungs og mikið um að vera árið út í gegn. Meistaraflokkur karla lék í næstefstu deild, Lengjudeild, í fyrsta skipti síðan 2013 og þurfti að standast leyfiskerfi KSÍ á vordögum til þess að fá þátttökuleyfi í deildinni. Gaman er að segja frá því að félagið uppfyllti allar forsendur í þeim fimm flokkum sem þurfti fyrir leyfi. Norðurþing fór samhliða í miklar og mikilvægar framkvæmdir á efri velli hjá okkur og nýtt gervigras var lagt á völlinn ásamt því að stúka var reist við völlinn. Voru þessar framkvæmdir tímabærar og afar mikilvægar knattspyrnu á Húsavík til framþróunar.

Aðalsteinn Jóhann þjálfaði áfram bæði lið, Róbert Ragnar Skarphéðinsson var honum til aðstoðar karlamegin og Sara Elnicky var meðþjálfari Alla kvennamegin. Vetrarmóttin voru hefðbundin hjá meistaraflokkum. Tekið var þátt í Kjarnafæðismóttinu og Lengjubikarnum bæði karla- og kvennamegin. Strákarnir spiluðu í A deild og háðu harðar rimmur við úrvalsdeildarlið Breiðabliks, Fram og KA og uppskáru 2 stig í 5 leikjum. Stelpurnar okkar unnu sinn riðil og fóru alla leið í úrslit, þar sem naumt 0-1 tap gegn Selfossi varð niðurstaðan. Selfoss reyndist okkur erfiður ljár í þúfu þetta sumarið.

Góður árangur náðist innan vallar í sumar og var sumarið stórskemmtilegt á köflum hjá liðunum okkar. Strákarnir okkar enduðu í 7.sæti Lengjudeildarinnar með 25 stig, þvert á allar spár en liðinu var spáð 12. og neðsta sæti deildarinnar. Liðinu óx ásmegin og setti kassann út þegar líða tók á og vann frábæra sigra út í gegnum sumarið. Jakob Héðinn Róbertsson var markahæstur Völsunga með 10 mörk

og vakti verðskuldaða athygli sem endaði með því að hann gekk til liðs við KA á haustdögum. Óskum við honum velfarnaðar þar. Elfar Árni Aðalsteinsson skoraði 7 mörk í endurkomu sinni í Völsung og reyndist liðinu drjúgur. Jakob Héðinn var kosinn bestur af leikmönnum og stjórn á lokahófi Völsungs, Gestur Aron Sörensson efnilegastur og Einar Ísfjörð Sigurpálsson var kosinn Völsungur ársins.

Stelpurnar okkar fóru vel af stað í 2.deild og unnu hvern sigurinn á fætur öðrum. Við tók smá misstig í júlí, erfiður kafli, sem olli því að við vorum í 3.sæti deildarinnar þegar komið var inn í úrslitakeppni. Þrátt fyrir mikla baráttu frá upphafi til enda og mikil skakkaföll í hópnum meðan á tímabilinu stóð, þá var því tekið eins og hverju öðru hundsbiti og haldið áfram veginn. Því miður dugði það ekki til og 3.sætið því niðurstaðan, sem er þó glæsilegur árangur. Halla Bríet Kristjánsdóttir var valin best á lokahófi, hún átti virkilega gott sumar og skoraði 17 mörk auk þess sem hún lagði upp nokkur. Að sjálfsögðu vakti hún athygli annarra liða og hefur gengið til liðs við Þór/KA. Við óskum henni góðs gengis þar. Ísabella Anna Kjartansdóttir var valin efnilegust en þrátt fyrir gífurlega ungan aldur skoraði hún 6 mörk í deildar- og bikarkeppni og átti margar flottar innkomur. Raket Hólmgeirsdóttir var svo valin Völsungur ársins en Raket gefur sig alltaf 100% í verkefni Völsungs og endaði tímabilið á að leysa markmannsstöðuna þegar vantaði og leysti það frábærlega af hendi án þess að kvarta.

Ísabella Anna og Auður Ósk Kristjánsdóttir fóru svo með U-15 ára landsliði Íslands á mót í Englandi á haustdögum og spiluðu þar 3 leiki. Ljóst er að framtíðin er björt hjá þeim stöllum og mun Völsungur nú sem áður reyna búa til brautargengi ungra leikmanna sinna í aðallið meistaraflokka.

Aðalsteinn Jóhann Friðriksson lét af störfum á haustdögum og tók við liði Þór/KA. Alli hefur þjálfað karlaliðið síðustu þrjú ár og kvennaliðið síðustu sex ár og allmargir leikir undir beltum hjá honum sem þjálfari og leikmaður félagsins. Við óskum Alla alls hins besta á nýjum vígstöðvum og þökkum honum fyrir allt sitt framlag til félagsins gegnum árin, takk Alli! Knattspyrnuráð þakkar leikmönnum, þjálfurum, áhorfendum og sjálfbóðaliðum kærlega fyrir árið sem er að líða. Ómetanleg vinna margra gerir tímabil eins og þetta að veruleika og við þökkum fyrir stuðninginn úr samfélaginu. Árangur ársins er afrakstur samvinnu, förnfýsi og ástar fjölmargra á félaginu.

## YNGRI FLOKKAR KNATTSPYRNU:



Íþróttastarfi barna er gott og öflugt samstarf á milli foreldra, barna og félagsins.

Barna- og unglingaráð er skipað 3-5 fulltrúum í senn. Nú skipa ráðið Berglind Jóna Þorlákssdóttir formaður (í leyfi), Elísabet Anna Helgadóttir, Freyr Ingólfsson (starfandi formaður), Rúnar Traustason, Davíð Þórólfsson og Marella Steinsdóttir. Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri

Hlutverk barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar Völsungs felst í því að halda utan um starfsemi yngra flokka félagsins. Ráðið sér meðal annars um skipulagningu fjáröflunar deilda, innheimtu æfingagjalda, ráðningar á þjálfurum ásamt því að taka á einstaka málum sem upp koma og vill ráðið nýta tækifærið og þakka foreldrum fyrir farsælt samstarf á árinu sem er að líða. Lykilinn að öflugum

félagsins situr fundi ráðsins og er tengiliður við aðalstjórn. Sólveig Ása Arnarsdóttir lét af störfum úr barna- og unglingaráði á árinu og Aðalsteinn Jóhann Friðriksson lét af stöfum sem yfirþjálfari yngri flokka í lok árs. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir öflugt og óeigingjarnt starf í þágu barnanna okkar.

Í þjálfarahópi yngri flokka í knattspyrnu á árinu sem er að líða voru þau Akil DeFreitas, Arnar Pálmi Kristjánsson, Árdís Rún Þráinsdóttir, Elmar Örn Guðmundsson, Sarah Elnicky og Tómas Bjarni Baldursson. Í byrjun árs og síðar á haustdögum létu Árdís, Elmar Örn, Ólafur og Tryggvi af störfum og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra starf í þjálfun. Einnig störfuðu sem aðstoðarþjálfarar þau Elísabet Ingvarsdóttir, Davíð Leó Kristinsson, Arnar Kári Benediktsson, Aron Bjarki Kristjánsson. Best hafa við á haustdögum Selmdís Þráinsdóttir, Aron Bjarki Kristjánsson, Daníel Snær Lund, Jóhanna Heiður Kristjánsdóttir og Halla Bríet Kristjánsdóttir. Við erum afskaplega stolt af öllum okkar þjálfurum sem stóðu sig frábærlega á árinu. Það eru klár forréttindi að hafa svona duglegt, áhugasamt og hæft fólk í okkar röðum. Birkir Örn Kristjánsson í Smiðjunni sá um styrktarþjálfun 3. og 4. flokks fram að hausti en þá tók Harpa Ásgeirsdóttir við. Starfið hefur farið fram af krafti á árinu og hafa krakkarnir okkar ferðast um allt land á mót og í leiki þar sem þau voru félaginu okkar til sóma hvert sem þau komu. Við getum svo sannarlega verið stolt af krökkunum okkar. Þeim iðkendum Völsungs sem voru valin í landsliðsverkefni á árinu óskum við innilega til hamingju með árangurinn og áttu Völsungar tvo fulltrúa í landsliði U-15 ára, þær Auði Ósk Kristjánsdóttir og Ísabellu Önnu Kjartansdóttir.

Völsungsmótið var haldið í lok ágúst og var það afar vel heppnað og vel sótt. Samþætting skóla- og tómstundastarfs var áfram starfandi á árinu og gekk það afskaplega vel. Við erum þegar farin að sjá árangur af verkefninu en iðkendum sem lokið hafa þjálfun í samþættinugunni hefur þegar fjölgað svo um munar. Það er ánægjulegt að Norðurþing hefur ákveðið að tryggja að verkefnið haldi áfram til framtíðar.

Barna- og unglingaráð vill koma til skila innilegum þökkum til allra foreldrafulltrúa og annarra sjálfbodaðliða sem hafa lagt á sig mikið óeigingjarnt starf í þágu félagsins við það stóra verkefni sem það er að halda úti íþróttastarfi barna.

Hér að neðan eru pistlar frá þjálfurum hvers flokks um það starf sem fór fram í flokkunum:

### **8. flokkur (Þjálfari - Tómas Bjarni Baldursson)**

Allt saman frábærir krakkar sem var gaman að þjálfra, mikil gleði og mikið stuð en á sama tíma krefjandi að mæta kl 8.00 á allar æfingar. En þessir krakkar tækludu það eins og atvinnumenn og komu virkilega á óvart. Frábært sumar að baki þar sem við fórum á tvö mót. Strandarmótið á Dalvík og Völsungsmótið á Húsavík. Krakkarnir voru dugleg að æfa og voru við með 10 lið skráð til leiks á Völsungsmótinu sem er frábært.

### **7. flokkur kvenna (Þjálfari - Tómas Bjarni Baldursson)**

Sumarið hjá þessum stelpum var mjög krefjandi þar sem fáar stelpur voru að æfa. Á sama tíma æfðu stelpurnar mjög vel og lögðu sig allar fram við að bæta sig í íþróttinni. Flokkurinn fór á nokkur mót í sumar og stóðu sig virkilega vel á þeim. Á Síamótinu í Kópavogi endaði liðið í 1. sæti í sínum riðli og komu heim með bikar. Virkilega skemmtilegt sumar sem toppaði á Síamóti eins og fyrr segir.

### **7. flokkur karla (Þjálfari - Tómas Bjarni Baldursson)**

Flottur hópur sem mætti vel á æfingar og æfðu vel. Strákarnir eru með mikla hæfileika sem gaman verður að sjá þróast í framtíðinni. Miklar framfarir voru hjá hópnum í sumar. Flokkurinn fór snemma sumar á gístmót á Akranesi. Völsungar voru þar með þrjú lið og spiluðu þar fullt af leikjum. Mótið var krefjandi en af sama sakpi mjög skemmtilegt og stóðu strákarnir sig með sóma. Að auki fóru strákarnir á fleiri mót í sumar sem endaði svo á Völsungsmótinu á Húsavík.

## **6. flokkur kvenna (Þjálfari - Sarah Elnicky)**

Í byrjun haustannar var hópurinn fámennur en þegar líða fór á veturinn bættust fleiri stelpur við, flokkurinn endaði á að skipa 14 stelpum. Það sáust miklar framfarir hjá bæði eldra og yngra ári á tímabilinu. Flokkurinn tók þátt á Stefnunót, Goðamóti, Hattarmóti, Síamóti N1 og svo Húsavíkurmótinu á Húsavíki. Á öllum mótunum skráðum við tvö lið til leiks og sáust miklar framfarir hjá báðum liðum á milli móta. Allar stelpurnar stóðu sig vel á árinu og stemningin í hópnum mjög góð. Stelpurnar geta verið stoltar af árinu sem er að líða og verður gaman að fylgjast með hópnum í framtíðinni.

## **6. flokkur karla (Þjálfari - Tómas Bjarni Baldursson)**

Flottur hópur af strákum sem var gaman að þjálfá. Flokkurinn fór ekki á sitt fyrsta mót fyrr en í ágúst þegar þeir fóru á Króksmótið á Sauðárkróki. Völsugur fór þangað með þrjú lið og stóðu sig virkilega vel. Mikil af leikjum og mikið fjör. Miklar framfarir í hópnum á árinu sem er að líða og flokkurinn fjölmennur.

## **5. flokkur kvenna (Þjálfari – Sara Elnicky)**

Flokkurinn var fjölmennur og skipaður metnaðarfullum leikmönnum sem vildu bæta sig sem leikmenn. Flestar stelpurnar mættu á næstum alla æfingarnar og mátti sjá miklar framfarir. Flokkurinn skráði tvö lið til leiks í Íslandsmótinu og stóðu bæði liðin sig vel þar. Völsungur 1 bætti sig mikið frá fyrra tímabili og á milli leikja. Völsungur 2 stóð sig heilt yfir mjög vel og áttu jafna leiki í allt sumar. Flokkurinn fór á Goðamót, Stefnunót, eldra árið fór á TM mót í Vestmanneyjum og allar fóru á Síamót. Þetta var gott tímabil hjá stelpunum og geta þær allar verið stoltar með sumarið.

## **5. flokkur karla (Þjálfari – Akil DeFreitas)**

Flokkurinn æfði vel og voru framfarir miklar eftir árið. Stuðningur foreldra í kringum strákana var til fyrirmyndar og skiptir það miklu máli í kringum mót og leiki. Á tímabilinu fóru strákarnir á goðamót og N1 mótið á Akureyri. Á bæði mótin skráðum við tvö lið til leiks. Einnig var flokkurinn með tvö lið skráð til leiks í Íslandsmótinu þar sem miklar framfarir voru milli leikja. Strákarnir tóku öllum áskorunum með bros á vör á gaman að fylgjast með þeim hvetja hvort annan til dáða.

## **4. flokkur karla (Þjálfari - Tómas Bjarni Baldursson)**

Krefjandi sumar að baki þar sem það voru 10 strákar að æfa í þessum flokki. Oft fengum við stráka úr 5 flokki til þess að hjálpa okkur í sumar og vill ég þakka þeim kærlega fyrir. Fullt af hæfileikum og endalaust sprell í þessum hóp. Þrátt fyrir fámenni að þá mættu strákarnir vel á æfingar og æfðu vel. Sumir strákar spiluðu með sameiginlegu liði Völsungs og KA í Íslandsmótinu þar sem þeir fengu fullt af góðum mínútum.

## **4. og 3. flokkur kvenna (Þjálfari – Sarah Elnicky)**

3. og 4. flokkur kvenna voru sameinaður flokkur á þessu tímabili og tóku þátt í Íslandsmóti og öðrum mótum saman. Tímabilið byrjaði mjög vel þegar þær fóru á Stefnunót á Akureyri þar sem þær enduðu í öðru sæti í B-liðum eftir að hafa tapað naumlega fyrir FH 1-0. Þær tóku einnig þátt í Íslandsmóti og hópurinn fór svo á Gothia Cup í Svíþjóð. Það var frábær upplifun fyrir alla jafnt innan sem utan vallar. Þær spiluðu við lið frá Englandi, Svíþjóð, Noregi og Kanada. Í riðlinum enduðu þær efstar með tvo sigra og eitt jafntefli. Þær fóru upp um styrkleika þar sem þær töpuðu í úrslitakeppni á móti feiknar sterku liði frá Noregi. Margar stelpur tóku stór skref á árinu og við vonumst til að sjá þær halda áfram að vaxa og dafna á sínu fótboltaferðalagi og hlökkum til að sjá þær spila með meistaraflokki, sama hvenær það verður.

## **3. flokkur karla (Þjálfari – Akil DeFreitas)**

Fjölmennur og flottur hópur sem stundaði æfingar af krafti. Samviskusamur hópur sem voru jákvæðir og duglegir sem skiptir miklu máli. Miklar framfarir voru í hópnum bæði hjá liðinu sem heild og einstaklingum. Þeir sýndu mikla liðsheild og vinnusemi. Mikilvægi íþróttá nær lengra heldur en sigar og töp, strákarnir þróuðu með sér mikilvæga eiginleika í sumar m.a. aga, seiglu til að takast á við áskoranir, mikilvægi samskipta og virðingu fyrir liðsfélögum og andstæðingum. Hápunktur sumarsins var svo klárlega frábært ferð á Gothiacup þar sem strákarnir stóðu sig virkilega vel og gáfu allt sitt í alla leiki.

### Völsungsmótið 2025



Völsungsmót var haldið 24. september þar sem ríflega 800 krakkar komu og spiluðu fótbolta í góðu veðri. PCC og Orkuveita Húsavíkur voru aðal styrktaraðilar mótsins og eru við mjög ánægð með þann stuðning. Mörg önnur fyrirtæki á Húsavík styrktu okkur einnig með ýmsum hætti með því að kaupa velli, mótsgjafir, merkja velli eða með öðrum hætti og þökkum við styrktaraðilum sérstaklega vel fyrir þeirra aðkomu. Mótið er dagsmót sem haldið er fyrir 8., 7. og 6. flokk stráka og stelpna og komu lið víða af Norður- og Austurlandi. Norðurþing bauð svo keppendum frítt í sund að móti loknu og Olís á Húsavík gaf

ís. Norðlenska og Nettó styrktu mótið eins og undafarin ár með því að gefa keppendum pylsur og drykk að keppni lokinni. Skipuð var sér mótsnefnd sem hafði veg og vanda að undirbúningi ásamt Barna- og unglingaráði, Framkvæmdastjóra Völsungs og fleirum góðum Völsungum. Mótið var vel skipulagt og gekk vel í alla staði. Slíkt mót er ekki hægt að halda án stuðnings foreldra og annarra sjálfboðaliða sem komu að uppsetningu og frágangi mótsins, tóku sjoppu- og grillvaktir eða dæmdu leiki. Það var frábært að sjá hversu margir voru viljugir að hjálpa til og aðstoða. Það er stærsti stuðningurinn sem svona mót þarf. Völsungsmótið er okkar mikilvægasta fjáröflun Barna- og Unglingaráðs og fer allur hagnaður Völsungsmótsins í rekstur og búnaðarkaup fyrir barna- og unglingaliðin okkar.

### SKÍÐAGÖNGUDEILD:



Skíðavertíðin hófst um miðjan desember 2024 og má með sanni segja að nýji „Ljósahringurinn“ hafi heppnast frábærlega. Þrátt fyrir frekar snjóléttan vetur hélst snjór í hringnum, ef frá eru taldir dagarnir sem „Buchgangan“ átti að fara fram. Þurftum við því að aflýsa göngunni þetta árið. Þess ber að geta að Eyfirðingar máttu þola allnokkuð snjóleysi stóran part vetrar og litu þó nokkrir við hjá okkur á heiðinni, afar ánægðir yfir að vera komnir í „þingeykskt fjallaloftið“. Liðið var á Maí þegar síðasti hringur var troðinn og viljum við þakka Norðurþingi og þá Sigurði Hreinssyni sérstaklega fyrir farsælt samstarf á liðnum vetri.

Nú í haust var svo farið í að lengja „Ljósahringinn“ og fengum við að sjálfsgöðu „Gröfumann Íslands“, Þórð Sigurðsson í verkið. Eigum við ekki von á öðru en þessi lenging á hringnum heppnist fullkomlega.

Einnig var góður hópur manna sem gróðursetti upp undir 1000 plöntur á svæðin nú síðsumars.

Þá er bara að bíða og sjá hvort við fáum ekki nóg af snjó í vetur, allavega á heiðinn svo hægt verði að fara ganga fljótlega. Þegar þetta er skrifað hefur þegar verið sporað á hlaupabrautinni við íþróttavöllinn, frábært fyrir byrjendur og lengra komna að byrja þar. Þess má geta að allur búnaður og meira til fyrir gönguskíðin fæst hjá Ísfelli og Kári Páll ávalt boðinn og búinn til að aðstoða við að koma fólki af stað í þeim efnum.

## SUNDDEILD:



Á vordögum var haldið, líkt og undanfarin ár, sundnámskeið í sundlaug Húsavíkur fyrir þrjá elstu leikskólaárgangana. Veðrið var aðeins að stríða okkur í vor, líkt og í fyrra en það rættist vel úr því. Starfsmenn sundlaugar voru frábær eins og alltaf og viljum við þakka þeim fyrir frábæra samvinnu.

Námskeiðið var mjög fjölmennt að þessu sinni og sóttu um 80 börn á aldrinum 4-6 ára. Kennt var í sex aldursskiptum hópum og var hverjum hópi kennt í 30 mínútur í senn, alls átta skipti.

Markmiðið með námskeiðinu var fyrst og fremst að börnin myndu öðlast öryggi og vellíðan í vatni í gegnum margvíslega leiki en einnig var unnið markvisst með flot og köfun og grunn sundtækni, allt eftir þroska og getu hvers hóps. Til að vinna að markmiðum námskeiðsins með börnunum var m.a. notast við flotnúðlur, korka, flotdýnur og ýmislegt köfunardót. Námskeiðið var skipulagt þannig að börnin koma í fylgd forráðamanna sem aðstoða þau í gegnum sundklefana og taka kennarar við börnunum ofan í lauginni ásamt aðstoðarmönnum en við höfum verið svo lánsöm að vera í samstarfi við vinnuskólann og fengið duglega krakka til liðs við okkur. Í sumar aðstoðuðu Benedikt, Kristinn Örn og Laufey Kristín. Einnig kom Jón Stefán við sögu. Við þökkum bæði þessum flottu krökkum og Norðurþingi fyrir aðstoðina við námskeiðið.

Það var afar ánægjulegt að vinna með börnunum á námskeiðinu, bæði að upplifa gleðina og hugrekið sem einkenndi þau og einnig að sjá hvernig öryggið og færnin jókst með hverjum tímanum. Mörg börn voru að koma á sitt fyrsta sundnámskeið en önnur að ljúka sínu þriðja námskeiði en öll tóku þau framförum, hvert á sinn hátt. Flest voru farin að kafa og mörg voru farin að geta bjargað sér með sundtökum nokkra metra á grunnu lauginni. Leikskólasundið kemur sér vel þegar kemur að því að fara í grunnskóla og skólasund því við vitum að þau börn sem hafa verið hjá okkur á námskeiði koma vel undirbúin fyrir fyrsta árið í skólasundi.

Við þökkum sundnemendum okkar og foreldrum fyrir ánægjulega samveru í sundlauginni í sumar og hlökkum til að taka á móti gömlum og nýjum sundnemendum næsta vor.